

Deepika Narayan Bhardwaj og heimanmundarharðræðið

Á Indlandi var árið 1983 samþykkt svonefnd „heimanmundargrein“ í refsiréttinum (section 498A) til verndar hagsmunum kvenna, sem gengu í heimanmundarhjúaband, en það var bannað samkvæmt lögum árið 1961. (Svipað fyrirkomulag tíðkaðist á Íslandi fyrir á öldum.) Talið var, að heimanmundurinn hefði stuðlað að morðum á eiginkonum. Langflest hjónabanda eru enn þá skipulögð af foreldrum.

En Hæstiréttur Indlands hefur nú hringt aðvörunarbjöllum. Konur beita þessari grein í auknum mæli til að ná sér niður á eiginkörlunum og fjölskyldum þeirra. BBC hefur eftir indverskum dómara: „Einfaldasta leiðin til að hefna sín (harass) er að krefjast handtöku eiginkarlsins með skírskotun til þessarar greinar. Í fjölda tilvika hafa karlægir afar og ömmur verið dregin fram úr fletum sínum og systur í útlöndum handteknar einnig, jafnvel þótt þær hafi verið búsettar þar í áratugi.“ (<https://www.bbc.com/news/world-asia-india-28140205>)

Washington post segir dómara hafa gefið lögreglunni fyrirmæli um að brjóta til mergjar, áður en til handtöku kemur: „Formælendur heimanmundarlaganna segja fyrirmælin ógn við sígra kvenréttindahreyfinga síðustu áratugi,“ er titill greinarinnar. (https://www.washingtonpost.com/world/are-indias-disgruntled-wives-abusing-dowry-laws-hurting-womens-movement/2014/07/29/ef17b159-e0f3-4ba2-9f23-e37d48d0ac47_story.html)

Eins og ýjað er að beita konur þessu verndarákvæði laga í anda „mee-too“ hreyfingarinnar og setja fram falskar ákætur gegn eiginkörlum sínum. En þeir eignuðust óvæntan talsmann í kvikmyndastjóranum unga, Deepika Narayan Bhardwaj (f. 1986), sem gerði heimildarmyndina, „Fórarlömb hjónabandsins,“ (Martyrs of Marriage) um þær hörmungar, sem falskar ákætur höfðu í för með sér. Hún fjallar m.a. um sögu Syed Ahmadn Maqdhoom, sem gerði myndskeið um líðan sína og deyddi sjálfan sig í kjölfarið. Þá hafði barnið verið frá honum tekið og sett fram ákæra á grundvelli heimanmundargreinar refsilaga, þegar fjárkúgunartilburðir eiginkonunnar báru ekki árangur.

Hindustan Times hefur eftir henni: „Það vakti fyrir mér að varpa ljósi á réttindaleyfi karla, nú þegar kvenfrelsunarhreyfingin fer eins og eldur í sinu um landið. Það er ekki svo að skilja, að konur þjáist ekki. En þegar svo er fá þær stuðning lögreglu og laga. En karlar eru hins vegar niðurlægðir og að þeim hlegið. Fyrir flestum þeirra liggur að greiða eiginkonunum lungann af launum sínum, svo að þeir sjálfir og fjölskyldur þeirra megi sleppa við þrálát réttarhöld, meðan aðrir eins og Maqdhoom sjá ekki aðra útleið en svefninn langa.“ Deepika bætir við: „Lögreglufræðingarnir hafa nú leyst frá skjóðunni um konur, sem leita ásjár til að koma sök á karla sína.“

Hin hugprúða Deepika lét annað atvik til sín taka. Það átti sér stað í borginni, Rohtak, í Haryanaríki á norðanverðu Indlandi. Sagan er eftirfarandi:

Tvær systur, Pooja og Aarti, úr svonefndrar lágstétt (OBC caste), sem stunduðu BA nám í tölvufræðum við ríkiskvennaháskóla, sögðu farir sínar ekki sléttar. Þrír karlar hefðu ráðist gegn þeim og áreitt þær kynferðislega. En þær reyndust sannar indverskar valkyrjur og snerust til varnar með belt og grjót að vopni, þegar leikurinn barst út úr strætisvagninum, sem var aðalleiksviðið. Árásina kærðu þær til lögreglu, sem handtók piltana samstundis og lagði fram kæru um árás í því skyni að særa blygðunarsemi konu og veita henni áverka að yfirlögðu ráði. Atvikið átti sér stað í lok nóvember 2014 og var tekið upp á snjallsíma.

Indversk kvenfrelsunarsamtök þeyttu lúðrana; fulltrúi „Kvenréttindanefndar“ (Women's Commission) í Harvana steðjaði á vettvang og „Þjóðfylking indverskra kvenna“ (National Federation of Indian Women) hlóð stúlkunar lofi. Stjórnámálmenn af ýmsu tagi bættust í kórinn. Stúlkunum var hampað sem fyrirmyndum ungra kvenna. Þær fengu meira að segja peningaverðlaun. Strákunum var meinað að halda áfram námi sínu í indverska hernum. Almennungi var einnig misboðið og fordæmði piltana.

Við nánari eftirgrennslan kom svo í ljós, að spunnist höfðu deilur milli systranna og tveggja pilta vegna ágreinings um sæti í strætisvagninum. Þeir hefðu keypt farmiða handa lasinni konu, en stúlkunar tekið sæti hennar. Þær veittust í bræði sinni að piltunum, sem báru hönd yfir höfuð sér. Þá tóku stúlkunar að mynda og lugu því til, að upptakan hefði verið gerð af vanfærri konu.

Nú tóku leikar heldur betur að æsast. Ný upptaka sá dagsins ljós af stúlkunum berja á pilti í almenningsgarði í Rohtak. Enn vatt sagan upp á sig, þegar karlmaður ákærði systurnar dygðugu um fjárkúgun. Hann skyldi greiða þeim væna upphæð. Að öðru kosti yrði hann kærður fyrir kynferðilega áreitni.

Enn færðist fjör í leikinn, þegar í ljós kom, að systurnar áreittu hefðu beðið stúlku um að mynda atburðinn. Til að bæta gráu ofan á svart reyndu þær að hindra birtingu enn þá einnar snjallsímaupptöku stúlku, sem sýndi sakleysi piltanna. Þær féllu á lygamælisprófi og buðust því til að taka inn „sannleikslyf“ til að orð þeirra yrðu ekki dregin í efa. Þær báru sig illa undan því að vera spurðar dónalegra spurninga við lygamælinguna og að yfirvöld reyndu þar að auki að þvinga þær til að falla frá ákæru. Þegar allt kom fyrir ekki hótuðu þær sjálfsvígi.

Dómur féll á þá lund, að piltarnir voru lýstir saklausir og frjálsir ferða sinna, en segja þó farir sínar ekki sléttar. Þeim er útskúfað.

Deepan kippir í kyn annars hugprúðs kvikmyndagerðarmanns frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, Cassie Jay.

<https://www.hindustantimes.com/india-news/haryana-woman-s-film-lends-voice-to-harassed-married-men/story-hKNIIy8L5eDNBcVoHZxyjO.html>